

Buried alive in the blues: Instrúmentalt mallar músíkin á meðan ljós: DOFNA/MYRKUR/AFTUR LJÓS, og síðan aðeins inn í textann.

JANIS

Tókum upp þennan undirleik í dag. Fínn grunnur, allir hæstánægðir. Allt klárt fyrir mig að syngja inn í fyrramálið... Kom við á bar á heimleiðinni og drakk tvo tvöfalda gin. Kannski þrjá. Ég ætlaði upp í herbergi að sofa. En ég er of æst, taugarnar liggja utan á húðinni, það er óþol í öllum skrokknum. Og hvað gerðir maður við slíkar kringumstæður? Jú, rokkstjarna dekrar við sig með þessum stórkostlegu fokdýru efnum sem segja hjartanu og sálinni að nú sé allt gott og eðlilegt, þessum fínu efnum sem koma frá flottum díler sem nefnist Goggi og aldrei selur annað en gæðastöff sem hann er búinn að láta menntaðan lyfjafræðing tékka fyrir sig í fullkomnum græjum. Þessu góða efni frá honum sprauta ég undir húðina í stað þess að leita uppi að því þannig er efnið allt að því tvo tíma að ná hámarksáhrifum, og núna hef ég nægan tíma, ég get hvort sem er ekki sofnað, - ég hef nægan tíma.

LAG: CRY BABY

JANIS (CONT'D)

Það er enginn vandi að fæðast í Port Arthur, þessu olíuútflutningshafnarborgarrassgati í Texas, með eilífan suðandi moskítóflugnasveim og undarlegan fnyk af fenjadruðu í loftinu - það er enginn vandi fæðast í svona pláss. Það er meira segja hægt að eiga góða æsku í Port Arthur ef maður á vel gefna foreldra sem elska bækur og tónlist - þótt þeir séu að öðru leyti þröngsýnni en skráargat. Vandinn er að sleppa burt úr plássum eins og Port Arthur, ná að hugsa heila hugsun, verða ekki óléttur,

láta ekki grafa sig lifandi. Allir sem neita að láta grafa sig lifandi í Port Arthur eru taldir svikarar - flóttamenn og svikarar. Þegar ég yfirgaf þetta rassgat heimsins til þess að syngja með Big Brother var ég stimpluð: flóttamaður og svikari. Það var hrækt á mig í Port Arthur af því að ég lýsti þeirri skoðun minni að blökkumenn ættu að njóta sömu réttinda og hvítir. Skólafélagarnir hræktu á mig! Ég kom grenjandi heim og foreldrar mínir sögðu ...

#### MÓÐIR

Auðvitað er það rangt, Janis mín, hvernig komið er fram við blökkumenn, en þú getur ekki breytt því, - þú skalt ekki reyna að breyta því, því þá verður bara hrækt á þig.

#### JANIS

Auðvitað hataði ég Port Arthur og þessa þröngsýnu, metnaðarlausu smáborgara, - þessa kynþáttahatara sem bak við sjálfsánægjugrímuna voru að drepast úr minnimáttarkennd -rétt eins og ég - rétt eins og ég, bólugrafni, hæfileikasnaudi táníngurinn. Það er enginn vandi að fæðast í Port Arthur, og það er enginn vandi að deyja þar. Sálin í manni í skreppur saman í harða, svarta kúlu sem annað hvort sekkur hljóðlaust niður í olíumengaðan fenjaskítinn eða springur í frumeindir og tætir þig sundur!

**BLUES:** Mallar undir eftirfarandi texta.

#### JANIS (CONT'D)

Einhvern tíma þegar unglingsbóllurnar voru eins og milljón eldgígar og ég var byrjuð að tútna út, fá rass og mitti og brjóst og skrítna kitlandi tilfinningu á milli læranna þá spurði sálartetrið: Hver ert þú, litla kona, í hinu stóra samhengi? Hver ég er í hinu stóra samhengi? Vá! Ég byrjaði að lesa eins og vitleysingur: bókmenntir, sögu, latínu, stærðfræði, en því miður, það

skýrðist bara alls ekki hver ég var, ég virtist bara vera núll og nix. Í speglinum sá ég hundfúla stelpa sem hlustaði á Bill Haley syngja *Rock around the clock*, og svo kom einhver Prestley og ruggaði sér í lendunum og þótti svalur, en var bara froðukall við hliðina á gömlu svörtu blúsurunum sem við hvítu krakkarnir máttum alls ekki hlusta á. En af því það var hvort sem er búið að kalla mig svertingjasleikju og hrækja á mig þá gaf ég skít í allt aðskilnaðarbullið og læddist með fáeinum krökkum sem ekki voru negrahatarar inn í hverfin sem við máttum alls ekki fara inn í. Og þar var alvörumúsík, ekkert Elvisrunk, heldur biksvartur blús umbúðalaus frá hjartanu. Hvað hefur komið fyrir þig, Janis mín, sagði mamma, ég skil ekkert í þér lengur, þú ert ekki sjálfri þér lík. Aumingja mamma sem vildi gera mig að hvíttri menntakonu af því ég var svo helvíti greind. Það átti ekki af henni að ganga: nú hafði ég, fyrir framan augun á henni, breyst í einhvern óskiljanlegan umskipting: að vísu var ég ennþá hvít að utan en inni í mér var ég svört - kolbikasvört.

**Turtle blues: (brot) I'm a mean mean woman**

JANIS (CONT'D)

(*Janis fær sér einn af stút.*) Ég hef drukkið eins og svampur nánast alla tíð. Annað dóp kom eins og fyrir tilviljun - ofan í brennivínið. Southern Comfort er mitt vörumerki! Nema hvað - ég stakk af frá skólanum og Port Arthur. Það er hippatími! San Fransisco, here I come! Maður sofnar bara einhversstaðar, vaknar stundum á litskrúðugu teppi, stundum á kaldri steinsteypu, - vaknar til að kjafta um lífið, lesa, syngja, drekka, dópa og sofna aftur einhversstaðar. Skrapp til New York í nokkra mánuði. Þar búa tíu milljón geðbillaðir peningafíklar. Nema hvað - ég arka beint

niður í Village þar sem listaspírurnar voru að drekka, dópa, ríða og yrkja. (Við heyrum Bob Dylan syngja: *Masters of war.*) Jæja, kannski var þetta skítalíf, en í fyrsta skipti á ævinni var ég allt í senn: skökk, gröð og snarlifandi. Sumum tekst að hafa listamanninn í einni skúffu og hversdagsmanninn í annarri, eins og sálin sé klofin í tvær sálir, en ég verð að búa við þessa einstefnusál sem aldrei er til friðs og sífellt heimtar: lengra, alveg fram á ystu nöf, stökktu, stökktu stelpa! Og ég læt undan, - ég kann ekkert annað: bara stekk, út í tómið, út í myrkrið!

**LAG: HALF MOON**

**LAG: TURTLE BLUES**

**LAG: BLUESSTEF**

**Lag sem mallar undir eftarfarandi texta: If you're going to San Francisco ...**

JANIS (CONT'D)

San Francisco; allt vaðandi í síðhærðum rokkurum sem átu það upp eftir Timothy Leary að LSD væri málið og eina leiðin til þess að fatta samhengið í sköpunarverkinu. Maður bara dropaði sýru og þá opnuðust ormagöngin, vá! Skyndilega skildi maður hvað kötturinn og hundurinn voru að segja! Ég var svoldið sveitó í hvítu buxnadraktinni innan um þetta lið, smá stund að ná þælingunni að eitt væri allt og allt væri eitt. Einhver sagði mér að hippaband vantaði söngvara. Ég fann gæjana í gamalli slökkvistöð, þar sem þeir voru að æfa.

**LAG: I'M A CATERPILLER.**

(Bandið syngur; lagið mallar undir textanum hér á eftir)

JANIS 2

Hæ, vantar ykkur ekki söngvara?

BANDIÐ

Finnst þér það?

JANIS 2

Já, eiginlega finnst mér það.

BANDIÐ

Hvað viltu syngja?

JANIS 2

**Woman is a loser**, kunniði það?

BANDIÐ

Nei.

JANIS 2

Ég skal kenna ykkur lagið. Það er eftir mig.

**LAG: WOMAN IS A LOSER (fyrri hluti)**

JANIS 2 (CONT'D)

Ókei, gaman að kynna ykkur. Þakka ykkur fyrir, bæ!

BANDIÐ:

Hey, hey, hvert ertu að fara! Þú ert ráðin, öskurtussa!

JANIS

Þetta átti auðvitað að vera brandari hjá þeim: öskurtussa. Ég var sem sagt orðin félagi í hljómsveitinni Big Brother and the Holding Company. Fimm síðhærðir, stórhíppar og lítill, hvítur kvenmaður frá Texas sem þeir kölluðu öskurtussu.

**LAG: INSTÚMENTAL BRÚ**

JANIS (CONT'D)

Haight-Ashbury, híppahverfið þar sem við bjuggum, var ógeðslegt dóp-og peningaplokkarabæli. Þangað streymdu saklaus krakkagrey sem vildu verða híppar. Glæpalýðurinn og skítseiðin sáu sé leik á borði - eins og venjulega - að

gera sér sakleysið og eymdina að féþúfu. Big Brother og öskurtussan Janis Joplin flýðu upp í giljabæinn Lagunas með hljóðfæri, hunda, ketti, konur og börn. **(Músík G-Death og J-Airplane)** Nágrannar okkar voru Greatful-Death og Jefferson Airplane. Við leigðum stóran húskumbalda sem við kölluðum Argentínu, veltumst þar öll í einni hrúgu í einhverskonar kommúnu, æfðum dauðan ráðalausar og spiluðum allsstaðar þar sem við gátum skrapað upp gigg. Við tókum okkur mjög alvarlega. Við ætluðum nefnilega að breyta heiminum.

JANIS 2

Ekkert mál að breyta heiminum með músík, bara piece of cake!

JANIS

Auðvitað er þetta skítaheimur, fullur af ofbeldi og ljótleika, en við ætluðum að breyta honum, með illu eða góðu, helst með góðu auðvitað.

### **LAG: Bye bye baby**

JANIS (CONT'D)

Við spiluðum og spiluðum og áttum samt varla fyrir mat. Það tóku okkur allir í rassgatið. Elsku litla Wolswagenbjallan mín, ég hafði ekki efni á nýjum startara í þig, svo ég varð alltaf að parkera þér efst í brekku til þess að láta þig renna í gang. Eina leiðin til að meika einhverja peninga í þessu bransa var að fá plötudíl.

MIÐJUMÖÐSMÆÐUR

Hey, þú þarna, þú syngur ágætlega, ég skal gera þig fræga og ríka.

JANIS

Fuck off, komdu ekki nálægt mér, við elskum hvert annað í þessu bandi, hér gildir allir fyrir einn og einn fyrir alla.

MÍÐJUMOÐSMAÐUR

Ókei, rólegan æsing, við gerum ykkur öll fræg og rík. Skrifu nöfnin ykkar hér, þið verðið öll að skrifa undir. Takk, fínt.

JANIS

(*skoðar samninginn*)

Mainstream records? Ömurlegt nafn!  
Miðjumoðsplötur!

JANIS 2

Ömurlegt fyrirtæki sem aldrei gerði rassgat fyrir okkur. Viljiði heyra fyrsta lag sem við tókum upp fyrir Miðjumoðsplötur? Viljiði heyra snilldina?

**LAG: Coo Coo**

JANIS (*TALAR Í SÍMA VIÐ MÓÐUR SÍNA UNDIR LAGINU*)

Af hverju ertu að senda mér peninga, mamma mín, ég þarf ekki peninga, ég þarf útrás og ást! Ég veit að þið elskið mig, en það nægir mér ekki, ég þarf stærri ást, ég þarf risa-ást! Ókei, þið skiljið það auðvitað ekki, það er ekki við því að búast.

JANIS 2

Þú ert flott svona, Janis, láttu hárið flæða, og ekki mála þig. Ég elska þig alsbera!

JANIS

Hei, ég er ekki lesbía, ég sef bara hjá vinkonum mínum.

JANIS (*TALAR Í SÍMA VIÐ MÓÐUR SÍNA*) (CONT'D)

Hvort þessir tónlistarmenn mínir geti lesið nótur? Nei, auðvitað geta þeir ekki lesið nótur! Það gerir bara ekki rassgat - við erum ekki náttúrulausir atvinnumenn. Hvað við erum þá? Við erum atvinnulaus ástríðuskrímsli! Hvert við stefnum? Mamma! Við erum að undirbúa

doktorsvörn í því að vera lifandi!  
Ókei, mamma, Big Brother, kunna fjögur  
grip og halda ekki takti, sorry, en þeir  
eru æðislegir. Við erum hippar, mamma!  
Ég sagði það, já, hippar!

JANIS 2

Hey, við erum bókuð á Monterey!

JANIS

Monterey tónlistarhátíðin var hápunktur  
hippatímans, Beatles nýbúnir að gefa út  
Sergent Pepper, allir að þykjast sjá  
heiminn í nýju ljósi, allir í góðum  
fíling, engin slagsmál, enginn drepinn,  
allir að fíla músíkina. Monterey var  
rosa hátíð.

(Intró: Ball and Chain)

JANIS (CONT'D)

Ég hef alltaf verið drulluhrædd við að  
syngja, þó það sé það eina sem ég VEIT  
að ég get gert sæmilega. Ég hef alltaf  
þurft að rífa mig upp á rassgatinu til  
þess að fara á svið - fá mér nokkra  
sjússa, sækja mig upp - en um leið og ég  
er byrjuð blæs ég út eins og púkinn á  
fjósbitanum; þegar mér hefur tekist að  
koma öllum þessum kroppum þarna úti á  
hreyfingu - þá er mér borgið.

**LAG: BALL AND CHAIN**

JANIS (CONT'D)

Við slógum í gegn á Monterey. En allir  
sögðu: Janis, þú ert miklu betri en Big  
Brother, þú ert að draga hlassið, þú  
ættir að fá meiri pening en strákarnir.

JANIS 2

Go solo, baby, þá ferðu að meika  
alvörunonninga!

JANIS

Vík frá mér Satan! Auðvitað er ég miklu  
betri en strákarnir, það er bara það að  
ég elska þá og þeir elska mig!



(Hljóðmynd - Bítlar, Hollies, Beach Boys, Donovan.)

JANIS (CONT'D)

(*drekkur Souther Comfort*)

Að þola djöfuls helling er talið manni til tekna í Texas. Það er partur af útlagameningunni þar. Enda drakk ég strákana alla undir borð - og fór létt með það. Það var allt í boði, LSD, heróín, nefndu það. Við í Big Brother tókum því sem að okkur var rétt - ef það var ókeypis. Við vorum skítblönk og heróín hefur aldrei verið ódýrt. Heróín er döp fyrir auðkýfinga og fíkla.

JANIS RAULAR: What good can drinking do/ I drink all night/  
But the next day I still feel blue.

JANIS (CONT'D)

Fjölskyldan kom frá Port Arthur að heimsækja mig. Ég hafði beðið þau um að koma, hélt að þau mundi falla fyrir hippastemningunni, blómunum, músíkinni, litagleðinni. Ég trítlaði á undan þeim um allt hippahverfið mitt, sýndi þeim allar litlu hippabúðirnar sem seldu hippadót og ilmuðu af hassi og marijúana. Er þetta ekki yndislegt, sagði ég, Love and peace, love and peace! Hvernig finnst ykkur? Athyglisvert, sagði pabbi, en vildi alls ekki ganga með fínu perlufestina sem ég keypti handa honum. Mikka bróður fannst allt rosalega svalt og ætlaði strax að byrja að safna hári. Minn maður! Svo bauð ég þeim á konsert hjá okkur í Fillmore. (**Intro: Sweet Mary**) Þau voru ekki alveg að falla inní kráðið - skiljið. Hlustuðu samt á tvö lög, en þá sagði pabbi: Janis mín, við mamma þín erum dálðið þreytt eftir ferðalagið, ætli við förum ekki að leggja okkur. En finnst ykkur ekki gaman, spurði ég með grátstafinn í kverkunum. Þau litu hvort á annað, brostu kurteislega og létu sig hverfa.

LAG: SWEET MARY (BROT)

JANIS (CONT'D)

Kallaður Albert frændi, bangsalegur, með úfið grátt hár, bara lítið eitt eldri en við; svona gaur sem tekur snúning á þeim sem hann kærir sig um að taka snúning á. Albert Grossman var nýi umbinn okkar. Geturðu tryggt okkur tekjur? spurðu strákarnir.

ALBERT

Hvað viljiði mikið?

JANIS

Sjötíu og fimm þúsund dollara á ári.

ALBERT

Það er of lítið. Við höfum það hundrað þúsund.

JANIS

Svalur náungi þessi Albert Grossman.

ALBERT

Eitt í viðbót krakkar, ekkert helvítis heróín, er það á hreinu?

JANIS

Við kinkuðum kolli öll sem eitt. Bara alveg sjálfsagt mál. Ekkert helvítis heróín.

JANIS (CONT'D)

Albert frændi var mættur inn í líf mitt. Hann reyndi aldrei að stjórna einkalífi mínu, en hafði puttana í öllu öðru.

## BLUESSTEF

JANIS (CONT'D)

Sommer of Love endaði með skelfingu. Löggan fór hamförum og böstaði herskara af fólki með vasana fulla af dópi. Öll þessi yndislegu, trúgjörnu krakkagrey sem höfðu hlaupist að heiman til að gera blómabyltingu og breyta heiminum voru annað hvort í jailinu eða í krumlunum á dópsölum og glæpamönnum. Þá kom yfirlýsing frá æðstuprestunum, Bítlunum

sjálfum: Erum hættir að nota LSD, næsta  
mál á dagskrá eru austurlensk  
trúarbrögð: farnir til Indlands til að  
hugleiða.

### Indversk sítarmúsík.

JANIS (CONT'D)

Bítlarnir skruppu til Indlands en ég  
skrapp heim til Port Arthur um jólin.  
Blöðin skrifuðu um heimsókn mína: Janis  
Joplin, ennþá einn þjóðþekktur  
listamaður með ratur hér í góða bænum  
okkar, Port Arthur. Ég var kominn á  
fremsta hlunn með að segja þeim að ég  
væri ólétt eftir svertingja. En þá hefðu  
þeir grýtt mig í hel, jafnvel þótt það  
væru jól. Ég var að vísu ólétt, en ekki  
eftir svertingja, heldur hvítan strák.  
Það var einnar nætur gaman. Hvað með  
það? Er einnar nætur *gaman* eitthvað  
verra en fjörutíu ára leiðindi?

### BLUESSTEF

JANIS 2

Ætlarðu að eignast barnið?

JANIS

Auðvitað ætla ég að eignast barnið.  
Þetta verður ekkert mál. Það munu allir  
dekra við litla krúttið mitt. Ég ætla að  
bera þig í poka á bakinu á milli gigga  
og skipti um bleyju á þér á milli setta,  
ekkert mál fyrir Janis Joplin.

JANIS 2

En þú fórst í fóstureyðingu?

JANIS

Það er óþarfi að nudda mér upp úr þessu!  
Auðvitað fór ég í fóstureyðingu. Ég er  
söngkona, ekki mamma! Ég fór til  
Mexikó, var skröpuð út, fósturið sett í  
poka og hent í öskutunnuna. Ég grenjaði  
í viku ofan í loðinn feldinn á honum  
Sámi, stóra, góða, loðna hundinum mínum.  
Ég er söngkona, fjandinn hafi það, hvað

átti ég að gera? Það stendur svart á hvítu í Rolling Stone: Janis Joplin er líklega besta söngkona sinnar kynslóðar! Þessi besta söngkona sinnar kynslóðar stóð varla á fótunum fyrir kvölum í móðurlífinu. Blóðið lak í taumum niður fótleggina á mér þegar ég staulaðist fram til að syngja aukalög. Blæðandi sár í móðurlífinu og skeina á sálinni. En hvað! - maður lifir allt af nema dauðann.

### LAG: SUMMERTIME

JANIS 2

Góðar fréttir! Miðjumoðsmenn eru búnir að sleppa okkur! Columbía hefur keypt upp samninginn við þá asna! Upp í þotu og til New York að skrifa undir nýjan samning uppi á 27undu hæð í CBS-húsinu.

JANIS

Blaðamenn og kampavín og allur þakinn. Fjölmjólahýenurnar vilja allar tala við mig og taka myndir af mér, enginn nennir að tala við strákana. Meira kampavín, meira kampavín!

JANIS 2

Þeir eru hundfúlir.

JANIS

Get ég að því gert að allir vilja tala við mig? Get ég að því gert! Albert frændi, verðum við rík og fræg?

ALBERT

Janis, ef þú gerir nákvæmlega það sem Albert frændi segir þér að gera - þá verður þú bæði fræg og rík.

JANIS

Ég veit að ég á að vera glöð. Og á vissan hátt er ég glöð, en ég er samt meira döpur en glöð.

ALBERT

Það fylgir. Listamenn eru drulludaprir.

JANIS

Líka þegar þeir gera vel og fólkið klappar fyrir þeim?

ALBERT

Alveg sérstaklega þegar fólkið klappar.

JANIS

Ég veit. Það er bara þannig. Það er af því að hjartað er svart.

**BLUESSTEF:**

JANIS (CONT'D)

Ég er Janis Joplin, bólugrafna jússan frá Port Arthur, ég bý á Chelsea hótelinu í New York. Hér hafa ótal stórmenni búið á undan mér. Ég þarf að klípa mig í handlegginn: er þetta satt? Og naturvörðurinn heilsar mér eins og það sé sjálfgefið að ég verði gestur hér um langa framtíð. Þriðju nóttina mína á Chelsea fer ég niður í móttöku með viskíflösku og býð naturverðinum í glas. Á þriðja glasi spyr ég: Heldurðu að ég muni endast?

NATURVÖRÐUR

Ungfrú Joplin, ég mundi ekki drekka viskí með þér og eiga á hættu að vera rekinn í fyrramálið ef ég tryði því ekki að þú mundir endast? Sumir endast, aðrir endast ekki, og ég sé það strax á þeim.

JANIS

Ég held að ég sé eins og Hollendingurinn fljúgandi, hann varð að sigla um úthöfin að eilífu af því það hvíldi á honum bölvun.

NATURVÖRÐUR

Hollendingurinn fljúgandi veðsetti þeim vonda sálu sína, en það hefur þú ekki gert, er það?

JANIS

Það hvílir bölvun á öllum blússöngkonum. Við erum að gera plötu! Það gengur ekki

alveg nógu vel, strákarnir eru fínir á sviðinu, í hávaðanum, í stuðinu, en í stúdíóinu koma veikleikarnir í ljós.

**LAG: (Hljómsveitin telur í, en svo fer allt í graut.)**

UPPTÖKUSTJÓRI

Það eru allir að spila sama lagið, er það ekki? Ókei, tókum þetta þá einu sinni enn.

JANIS 2

Ég er að verða geðbiluð! Ætliði að láta mig missa röddina aularnir ykkar áður en þið drullið inn almennilegu teiki!

**LAG: (Talið í og byrjað, en bandið klikkar einu sinni enn.)**

JANIS 2 (CONT'D)

Ég er búin að standa inni í þessu glerbúi í allan dag og syngja með falskri hljómsveit. Ég er orðin drulluhás! Ég er farin heim!

UPPTÖKUSTJÓRI

Ókei, hættem í dag, allir fara heim að hvíla sig. Mætum hress og úthvöld í fyrramálið.

JANIS 2

Ég ætla beint heim á hótél: leggjast útaf með bók og ná mér niður! Bless!

JANIS

Ég fer auðvitað beina leið í partý með strákunum, drekk, kjafta, reyki og dópa fram á morgun. Þetta eru megapartý og Janis Joplin hittir mann og annan. Jim Morrison er yndislegur þangað til hann er orðinn fullur, þá byrja ófriðarlætin, hann rólar sér í ljóskrónunni og stendur út úr honum bunan af óskiljanlegu ljóðaþrugli. Þú ert gömul sál, Janis, þú ert mörg þúsund ára gömul sál, þú ert inkaprinsessa og fyrir tvöþúsund árum ætluðum við tvö að hafa samfarir uppi á píramída en þá varst þú gripin og hálshöggvin fyrir framan nefið á mér til

dýrðar sólkónginum! Við verðum að vinda ofan af þessu, Janis, við verðum að ljúka þessum samförum! Hann elti mig út í bíl, stakk hausnum inn í bílinn og reyndi að hrifsa til sín bíllyklana svo inkaþrinsessan kæmist ekki burt. Ég neyddist til að rota hann með fullri flösku af Southern Comfort sem ég dauðsá eftir - flöskunni meina ég. Jim Morrison, hann var hvort eð er á leiðinni að drepa sig.

UPPTÖKUSTJÓRI (Í HÁTALARA)  
Það ótrúlega hefur gerst! Teik tuttugu stendur!

JANIS 2  
Ég trúi þessu ekki! Þeir meikuðu það að spila heilt lag frá upphafi til enda án þess að klúðra neinu!

CLIVE DAVIS  
Ungfrú Janis Joplin, þetta er Clive Davis hjá Columbia Records: Hvað á platan að heita?

JANIS  
Sex, dope and Cheape Thrills!

CLIVE DAVIS  
Nei, Janis, það kemur ekki til mála.

JANIS 2  
Okkur finnst það sniðugt.

CLIVE DAVIS  
Gerið þið ykkur grein fyrir hvað þessi orð þýða: Sex, dope and Cheape Thrills?

JANIS  
KYNLÍF, DÓP OG ÓDÝR SÆLA! Er það ekki málið?

CLIVE DAVIS  
Ungfrú Joplin, það kaupir ekki nokkur lifandi maður plötu sem heitir: KYNLÍF, DÓP OG ÓDÝR SÆLA! Fyrirtækið MUN ALDREI

GEFA út plötu sem heitir: KYNLÍF, DÓP OG ÓDÝR SÆLA.

JANIS

En bara: ÓDÝR SÆLA? Ef það gengur ekki getiði farið til andskotans!

CLIVE DAVIS

Jæja? Segjum það þá.

JANIS

Platan fór í gull á þremur dögum.  
Vitleysingar! Sex, dope and Cheape  
Thrills hefði farið í gull samdægurs.

**LAG: DOWN ON ME**

JANIS (CONT'D)

Sum ykkar hafið kannski sofið hjá einhverjum og vitið að góðar samfarir eru engin andskotans afslöppun. Eða finnst ykkur það kannski? Þegar ég hef samfarir legg ég allt í þær: bæði sál og líkama. Þegar ég fæ fullnægingu logar skrokkurinn á mér, hver einasta svitahola stendur opin; hálfpartinn líður yfir mig. Konsert eins og samfarir. Þegar ég skreiðist út af sviðinu er ég þurrausinn, tóm, gjörsamlega búinn á því, en í stað þess að sofna eins og maður gerir eftir vel lukkaðar samfarir þá heldur gosið áfram; ég get ekki náð mér niður, skelf eins og laufblað í vindi, galtóm en samt að því komin springa í loft upp. Ég byrjaði að fixa heróín til að ná mér niður - til að róa líkamann og sefa sálina. Það hvíla álög á blússöngkonum, við verðum ekki gamlar. Þess vegna vil ég að allir elski mig núna, ekki seinna, heldur núna.

**LAG: BLUESSTEF**

JANIS (CONT'D)

*(Á nærþxunum með pelsinn yfir sér að tala við næturvörðinn á Chelsea. Janis drekkur af stút.)*



Ég skil ekki hvernig fólk getur látið.  
Það segja elska mig alveg rosalega mikið  
af því ég sé dásamlegur listamaður en  
veður svo yfir mig á skítugum skónum og  
stelur af mér brókinni! Finnst þér þetta  
réttlátt?

NÆTURVÖRDUR

Frægðin er samningur á milli ykkar  
frægðarfólksins og okkar hinna;  
samningurinn er allur á okkar forsendum.

JANIS

Er ég einhvern andskotans fangi sem hægt  
er að misnota? Ég er orðin dálítið  
ofsóknarbrjáluð, skilurðu? Það er farið  
að bitna á ástarlífi mínu.

NÆTURVÖRDUR

Það mun enginn standa vörð um þig nema  
þú sjálf.

JANIS

Ég er að reyna að vera næs og nálgast  
fólk með því að sofa hjá því, en meinið  
er að ég yfirleitt sef bara hjá fólki,  
en tala lítið sem ekkert við það, og  
áður en ég veit af er ég búin að segja  
viðkomandi að hypja sig út og drulla sér  
burt.

NÆTURVÖRDUR

Í þínum sporum mundi ég sleppa því að  
sofa hjá þessu *fólki* - reyna kannski  
heldur að lesa Moby Dick.

JANIS

Meinarðu skáldsöguna? Það er hægt að  
drepa naut með henni, er það ekki?

NÆTURVÖRDUR

Jú, en það er betra að lesa fræga og  
leiðinlega bók heldur en sofa hjá  
einhverjum sem þú nennir ekki að tala  
við?

JANIS

Það er fínt að fá sér í glas niðri í lobbýi með gáfuðum naturverði þegar maður er þreyttur og spenntur eftir konsert og getur ekki sofnað, en samt, því verður ekki neitað, mér finnst auðveldara að fá mér - þið vitið - þá varð ég strax róleg og afslöppuð, get sofnað og þarf ekki að taka þátt í hvalveiðum með þessum geðbilaða Ajab skipstjóra.

**LAG: Road block (byrjunin, dofnar þegar lagið verður hraðara.)**

ALBERT

Það er ekki nóg að þykja vænt um einhvern í þessum bransa, Janis, sá sem ekki gagnast þér er óvinur þinn.

JANIS

Hvað áttu við, Albert frændi?

ALBERT

Ég get útvegað tveggja milljón dollara díll, en sá díll er bara fyrir þig, eingöngu fyrir þig. Janis Joplin er orðin stjarna, en það hefur enginn áhuga á Big Brother.

JANIS

Maður losar sig við ástmann, maður heggur af sér aðra höndina fyrir tvær milljónir dala. Ekki satt, Albert frændi?

ALBERT

Ég keypti handa þér Porsche og lét myndskreyta'ann dálítið. Það er kominn tími til að þú hagir þér eins og stjarna, Janis.

JANIS (VIÐ BANDIÐ)

Strákar, þið vitið að ég elska ykkur, þið ættleidduð mig, þið eruð fjölskylda mín. Ég hef líka sofið hjá ykkur næstum öllum, eða kannski öllum. Ég er öskurtussan ykkar, en málin standa bara þannig að ég virðist vera orðin

súperstjarna á meðan þið eruð algjör  
nóboddí. Ég verð að stíga næsta skref án  
ykkar, það er sársaukafullt, en  
óhjákvæmilegt. Sumir eru búnir til úr  
stjörnuryki, en aðrir ekki. Að skilja er  
að deyja dálítið.

### **LAG: KOZMIK BLUES**

#### NÆTURVÖRÐUR

Ég náði í Moby Dick fyrir þig.  
Harðspjaldaútgáfan. Hvernig gengur með  
nýju hljómsveitina?

#### JANIS

Þetta eru proffar, ekki hippar, þeir  
spila það sem stendur á nótnastatífinu,  
fara svo heim að slá grasflötina. Ég  
kann ekki að stjórna bandi, ég er bara  
svona stelpa af götunni sem byrjaði að  
raula. Mér finnst nýja bandið ekki vera  
að spila fyrir mig, þeir eru bara að  
spila fyrir sjálfa sig. Svo er ég byrjuð  
að sulla dáldið mikið, eins og þú hefur  
sjálfsagt tekið eftir tekið eftir, fæ  
mér Southern Comfort út á morgunkornið,  
helli svo uppá mig fyrir konserta, á  
konsertum og eftir konserta. Hvítan í  
augunum er ekki lengur hvít, heldur gul.  
Læknirinn segir að lifrin í mér geti  
ekki unnið úr öllu þessu alkóhóli, ég sé  
að drepa mig. Ég ætla að syngja í tíu ár  
í viðbót, þá er ég tilbúin að drepast.  
Djöfull eru þessir læknar niðurdrepandi!  
Eftir tíu ár, Janis, sagð'ann, verður þú  
löngu búin að missa röddina. Finnst þér  
að læknar eigi að tala svona, mála  
skrattann á veginn og taka peninga  
fyrir? Af hverju lítur enginn alvöru  
karlmaður við mér? Er ég ljót? Er ég  
ógeðsleg? Veistu að ég var kosinn  
ljótasti strákurinn í mínum árgangi í  
menntó.

#### NÆTURVÖRÐURINN

Ég sá mynd af þér uppi á vegg á tveimur  
bílaverkstæðum í vikunni.

JANIS

Þegar hljóta að vera einhverjir perrar.

NÆTURVÖRÐURINN

Þú varst í fríðum hópi fagurlimaðra  
kvenna.

JANIS

Þegar við erum að túra pikka gaurarnir  
upp flottar, þroskaðar, alvöru konur á  
hverju kvöldi, en veistu hverjir hópast  
að mér: fjórtán ára peyjar með hor. Ég  
þarf ekki á barni, fábjána eða afætu að  
halda, heldur karlmanni, alvöru  
karlmanni!

NÆTURVÖRÐURINN

Moby Dick er að vísu hvalur, en hann er  
betri bólfélagi en flestir karlmenn sem  
ég þekki.

*(Janis tekur bókina)*

JANIS

Þakka þér fyrir.

### **BLUESSTEF.**

JANIS (CONT'D)

Albert frændi, ég skil ekkert í þessu -  
bandið er loksins orðið þétt og fínt, en  
fýlupokarnir á músíkpressunni vilja  
einfaldlega ekki heyra hvað við erum  
drullugóð. Þeir eru ennþá að röfla um að  
ég hefði átt að halda mig við Big  
Brother. Helvítis fíflin!

ALBERT FRÆNDI

Ég ætla að senda þig yfir hafið Janis -  
til Evrópu. Þar eru engir fordómar.  
Enginn sem spyr um Big Brother.  
Ameríkanar kaupa og selja list,  
Evrópumenn kunna að meta list.

JANIS

Það var drullurétt hjá Albert frænda.  
Meira segja tjallinn, sem allir höfðu  
varað okkur við, - sjálft  
stiffupperlipliðið í London missti sig!

We love you, Janis! We love you! You  
´re the fucking greatest!

**LAG: PIECE OF MY HEART**

**HLÉ**

*Við erum stödd á flugvelli. Hljóð og myndir flugstöðvar.*

JANIS

Flugvellir, rútur, skítug  
búningsherbergi, loftlausir  
konsertsalir, hótélherbergi sem öll eru  
eins. Stundum veit ég ekkert hvar í ég  
er stödd. Myra, þú ert gáfuð kona, þú  
ert blaðafulltrúinn minn, segðu  
eitthvað! Af hverju talar enginn við  
mig eins og manneskju, er rokkstjarna  
ekki manneskja? Hvað finnst þér um  
kjarnorkusprengruna? spyrja þeir. Hjá  
hverjum svafstu í gær?

MYRA

Þá skaltu segja: Vá, hvað þú ert í  
flottum skóm, brakar ekki mikið í þeim?

JANIS

Sprengjunum rignir yfir Víetnam! Af  
hverju eru þeir að drepa allt þetta fólk  
í Víetnam? Og Edward Kennedy keyrði  
fullur út af brú í nótt og ástkona hans  
drukknaði. Af hverju sleppa  
milljónumæringar alltaf? Myra, það eru  
allir sammála um að besti vinur minn,  
hann Sam, sé ekki nógu góður  
gítarleikari fyrir þetta band - ég þarf  
að taka ákvörðun - það er bara svo  
erfitt að taka ákvarðanir.

MYRA

Þá skaltu láta ákvörðunina taka þig.

JANIS

Sem merkir hvað?

MYRA

Að eitthvað er orðið óhjákvæmilegt.

JANIS

Sam, þú ert rekinn. Segirðu ekkert? Þú gætir nú að minnsta kosti spurt hvers vegna þú ert rekinn. Þú hlærð að mér, sem var að enda við að reka þig!

(Við Myru.)

JANIS (CONT'D)

Þetta var einum of mikið af því góða, ég settist klofvega ofan á gamla, góða Sam og reið honum þangað til hann hætti að hlæja og baðst vægðar. Við Sam höfum alltaf verið vinir. Eftir að ég rak hann úr bandinu tók hann sig líka til og lærði fáein gítargrip í viðbót.

**LAG: MY BABY**

JANIS (CONT'D)

Árið 1969 is my big time. Ég er munstruð í Dick Cavett sjóíð, sem þýðir að ameríska gáfumannafélagið hefur gefið grænt ljós á mig. Ég er að reyna að vera sexí, í rauðbleikri, dúndurfleginni skyrtu, að drukkna í hringum, armböndum og perlufestum, brosandí út undir eyru. Hæ, Dick!

DICK

Sæl, Janis. Segðu mér, hvernig getur rokkstjarna sem þéna hundruðþúsund dollara á viku sungið blús um eynd og andstreymi í lífi venjulegs fólks?

JANIS

Vá, hvað þú ert í flottum skóm, Dick, brakar ekki mikið í þeim?

DICK

Nú skil ég ekki alveg... hvað skórnir mínir koma þessu við...

JANIS

Hugsaðu þér, heil sínfónía úr allskonar skóhljóði!

DICK

Hvað finnst þér um karlmenn, Janis?

JANIS

Dick, ef þú værir Moby Dick þá væri búið að skutla þig!

DICK

Janis, Port Arthur, það er heimabærinn þinn, ekki satt?

JANIS

Vá, sástu brennimerkinguna! Ég er bara að grínast, það eru bara negrarnir sem eru brennimerktir.

DICK

Þið listamenn talið mikið um kjarnorkusprengjuna. Hvað finnst þér persónulega um kjarnorkusprengjuna?

JANIS

Fyrst og fremst: það má alls ekki nota hana innanhúss.

DICK

Listamenn telja sig oft vera annarrar gerðar en hinn venjulegi borgari. Þið viljið breyta og bylta öllum reglum og lögmálum. Nú spyr ég þig, Janis: Ert þú byltingarsinni?

JANIS

Góð spurning, Dick. Mjög góð spurning. Veistu - þegar ég hitti Bob Dylan í fyrsta skipti þekkti ég hann ekki, hann var svo rosalega hversdagslegur. Ofur hversdagslegur. Sama sagan með Georg Harrison, hann var svo lítill, svo rýr og umkomulaus að ég hélt að hann ætlaði að selja mér ryksugu. Samt var hann ekki með neina ryksugu. Fólk er bara fólk, Dick. Fólk er hversdagslegt. Það eru

bara fjölmiðlarnir sem gera fólk að skrímslum.

DICK

Þú ætlar samt að syngja fyrir okkur?

JANIS

Já, lag eftir vin minn sem semur mjög góð hversdagsleg lög, en hann er samt betri elskhugi en lagahöfundur - svona hversdags.

LAG: **BOBBY MCGEE.**

JANIS (CONT'D)

Woodstock, rigning, forardrulla, og ég félaði mig í ræmur í rússneska villikattarpelsinum mínum. Mér gekk vel. Það furðulega gerðist: Woodstock varð einhverskonar vonartákn: allir töluðu um frið og ást og samhjálp, og hvað veit ég. Ég var bara að syngja, blindfull. Man ekkert hvað ég söng. Hey, Peace and love man, peace and love!

**LAG: LITTLE GIRL BLUE - langt intro mallar undir þessum kafla.**

JANIS (CONT'D)

Það fjaraði snarlega undan Peace and Love hreyfingunni. Rolling Stones héldu tónleika og munstruðu Hells Angels af öllum mönnum til þess að halda uppi lögum og reglu þar sem 300 þúsund útúrdópaðir gestir migu og skitu út um allt. Englarnir börðu menn auðvitað sundur og saman og stungu þá svo með hnífum. Ber ég ábyrgð á því að einhver fjöldahreyfing fór í hundana? Ég vil bara fá að syngja og drekka mitt brennivín og vera laus við að þurfa að frelsa heiminn á hverjum degi! Auðvitað trúi ég á æskuna og allt það, en ég er enginn andskotans leiðtogi eða fánaberi. Ég vil bara fá að vera í friði! Og af hverju trúir því enginn að ég geti verið sorgmædd?



**LAG: LITTLE GIRL BLUE**

JANIS (CONT'D)

Myra, gerðu mér greiða, tíndu saman allar þessar andskotans blaðaljósmyndir þar sem ég held á Southern Comfort bokku.

MYRA

Það eru fleiri hundruð ljósmyndir af þér að þamba úr Southern Comfort bókum. Heill haugur.

JANIS

Það er ekkert lítið sem lifrargreyið í mér er búin að þola af þessum óþverra. Sendu allar myndirnar til fyrirtækisins sem framleiðir eitrið.

MYRA

Ég er búin að því. Southern Comfort kallarnir sendu þér feitan tékka: böns af peningum. Biðja vinsamlegast um leyfi til þess að fá að nota þig sem andlit fyrirtækisins.

JANIS

Nota mig? Fésið á mér? Nota fésið á mér?

MYRA

Já.

JANIS

Graðbólur, blóðhlaupin augu, svarta bauga, allur pakkinn?

MYRA

Já, þeir segjast vita að þú munir virða samninginn.

JANIS

Fucking besti díll sem ég hef gert um ævina.

**LAG: DRYKKJU VÍSA.**

JANIS (CONT'D)

Vá, hvernig komst ég heim? Hvar í andskotanum var ég? Hvað sagði ég? Hvað gerði ég? Ég stoppaði bara Porschann á einhverri andskotans strætóbiðstöð og sagði: Það er partý heima hjá mér, hverjir vilja koma með! Tuttugu manns hentu sér inn í bílinn. Ég lenti upp á kant við bandið. Þeir vilja bara spila og fara svo heim eða upp á hótél að sofa. Ég sagði þeim til syndanna! Þeir þykjast vera eitthvað merkilegri en ég bara af því þeir kunna að lesa nótur? Finnst ykkur ég bara vera einhver öskurtussa frá Texas! Hvað væruð þið án mín, ekkert, núll og nix! Drulliði ykkur bara heim að slá grasið og lesa nótur! Yfirleitt fyrirgefa þeir mér ruddaskapinn, en ekki í kvöld. Þeir sögðu ekki orð, fóru bara heim. Ég er einhvern veginn ekki að ráða við þetta. Ég er eins og járnbrautarlest sem æðir áfram á fullri ferð, en bara ekki á teinunum.

Janis hjá sálfræðingi.

JANIS (CONT'D)

Albert frændi sendi mig til þín. Hann sagði að þú hefðir hjálpað mörgum stjörnum. Þú sérð að ég er að reyna að koma vel fyrir, vel gefin, frábærlega vel gefin ung kona með fjaðraskraut í hárinu og harðar geirvörtur undir gegnsærri skyrtunni.

SÁLFRÆÐINGUR

Hvert er vandamálið, Janis, hvað amar að?

JANIS

Vandamálið er að ég nota heróín til þess að slá á andlega vanlíðan, en ég er ekki heróínfíkill, alls ekki, ég veit alveg hvað ég er að gera.

SÁLFRÆÐINGUR

Heróín er varasamt, Janis, það vitum við bæði. Þú er vannærð, þú ert skinn og

bein, og ef þú borðar ekki þá deyrðu mjög bráðlega.

JANIS

Ég get ekki borðað af því ég er að hætta með einu bandi og byrja með öðru. Ókei: þetta er augnablikið sem ég hef þráð allt mitt líf: að vera frjáls! Ég veit hvað þú ætlar að segja: frelsi þýðir ekki að ég þurfir endilega að gera allt sem mér dettur í hug? Alveg á tæru. Samþykkt! Skynsemin ræður!

SÁLFRÆÐINGUR

Ég ætla að gefa þér Meþadon. Það blokkerar heróínið; þér hættir að líða vel af heróíni.

JANIS

Heróín virkar bara ekki þannig á mig. Ég rýk ég ekkert upp úr þakinu í einhverju sælurúsi, alls ekki, heldur finnst mér ég loksins vera orðin eðlileg. En ég var ekkert að segja manninum þetta. Það skilur þetta enginn nema sá sem skilur það skiljiði?

LAG: VELJA: TRY

JANIS (CONT'D)

Hvíld, hvíld! Ég tek andköf ef einhver minnst á gigg, túrneringu, flugvöll, rútu, hótélherbergi, búningsherbergi, ég æli! Ég verð að hvíla mig! Barbara frænka fann hús rétt á móti Goldengate brúnni, í þröngri götu uppi í hæðinni. Og við blindendann á götunni, þarna hátt uppi í hlíð er húsið mitt, húsið MITT með skóglendi á bak við, rauðviðartré, og ég græt af gleði þegar ég stend með lykilinn í höndunum inni á gólfi í húsinu MÍNU. Húsið mitt er klætt innan með rauðviði, stórir gluggar frá gólfi og upp í loft, glæsilegt útsýni yfir bláan, glitandi flóann. Ég blanda saman austurlenskum teppum og húsgögnum í Viktoríustíl, og næ þessum fína hippafíling. Ég býð í partý, frekar

róleg síðdegispartý með vodka í appelsínusafa, ekkert brjálæði, ekkert fram á nótt eða til morguns; ég býð bara góðum vinum. Ég elska húsið mitt og vini mína og meira segja fíflað hann Nixon lætur sér segjast og kallar bandaríska hermenn heim frá Víetnam og kosningarétturinn er færður niður í átján ár, svo unga fólkið sem alltaf er verið að senda út til að deyja fyrir frelsið fær að minnsta kosti að kjósa áður en það deyr.

**Músík: Suður Amerísk Sambatónlist.**

JANIS (CONT'D)

Pabbi segir: Af hverju er hún Janis að fara til Brasilíu á kjötkveðjuhátíð, er ekki hættuminna að hún sé full heima hjá sér? Við Linda vinkona förum strax á skallann á Coupacabanaströndinni í nær ósýnilegum bíkínium. Á mínu bíkíni eru svört fingraför, eins og einhver hafi verið að káfa á mér með olíublautum Texaskrumlum. Þegar ég er að taka mig út þarna í sandinum í þessum hrikalegu baðfötum með glas af rommi í hendinni, sé ég að hár og myndarlegur gaur glápir á mig. Hæ, hvaðan í andskotanum kemur þú?

DAVID

Úr Amazónfrumskóginum.

JANIS

Hann hefur verið að róa á einhverri lekabyttu í regnskóginum í hálf tannað ár. Hefur líka starfað með Friðarsveitunum í Tyrklandi, og hvað veit ég. Ógeðslega aktífur og vel menntaður gaur.

DAVID

En þú, við hvað starfar þú?

JANIS

Þekkirðu mig ekki?

DAVID

Ætti ég að þekkja þig?

JANIS

Ég er Janis Joplin!

DAVID

Meinarðu söngkonan?

JANIS

Já, andskotakornið, ég meina söngkonan!

DAVID

Mér fannst þú minna mig á einhverja svoleiðis - gellu.

JANIS

David hafði óbeit á heróíni, svo ég gerði honum það til geðs að sleppa því. Við fórum inn í frumskóginn og lágum í strákofa og elskuðumst undir glitrandi stjörnuhimni. Hann var svo yndislegur að ég gat ekki sofið. Ég lá og starði á hann og hlustaði á hann hrjóta svo lágt og fallega og strauk líkama hans með fingurgómunum. *I don't want much out of life I never wanted a manison in the South, I just wanted to find someone sincere who treated me like he talks, One good man..*

(Síminn hringir)

ALBERT

Janis, komdu heim að vinna.

JANIS

Nei, nei!

ALBERT

Ef þú eyðir tímanum þá eyðir tíminn þér.

JANIS

Albert, af hverju má ég ekki vera hamingjusöm smá stund! Ég er ástfangin! Ástfangin, skilurðu það!

ALBERT

Janis, ef ástfangin er nafn á nýju lagi þá sleppur það, annars ekki.

LAG: TRUST ME

JANIS

Auðvitað fór ég heim að vinna. Mér fannst allir garga á mig. Þú verður að gera eitthvað strax, annars ertu gleymd á morgun; setja saman nýtt band, gefa út plötu, fara á milljón gigga túr! Gamla ofsóknaræðið tók sig upp.

DAVID

Janis, láttu þessa aula ekki stjórna lífi þínu, hættu í þessum skítabransa og gifstu mér. Eignumst börn og gerum eitthvað gagnlegt fyrir mannkynið.

JANIS

Er ekki gagnlegt fyrir mannkynið að syngja?

DAVID

Hvort viltu heldur giftast mér og eignast börn eða vera - almenningsseign?

JANIS

David, þú segir mér ekkert fyrir verkum! Þú hefur engan einkaeignarrétt á mér! Já, farðu bara á skíði ef þú vilt fara á skíði, ég er söngkona, söngkona, fjandinn hafi það!

*(Janis fixar sig með heróíni)*

Ég varð að fixa mig til að meika allt kvabbið og rifrildið og ná mér niður. Þess vegna kom David að okkur Peggy Caserta í rúminu. Við vorum að elskast. Hann var með skíðahúfuna á höfðinu og allt. David, við erum bara... þú veist, að vera góðar hvor við aðra. Hann pakkaði niður í tösku, kyssti mig á kinnina og sagði: Kannski sjáumst við einhvern tíma seinna, Janis. David, þú verður að skilja að ég er búin að leggja of mikið á mig til þess að verða það sem ég er til að vilja allt í einu vera önnur. Hann kinkaði kolli og fór. David

var bestur af þeim öllum. Hann bar að öðrum mönnum. En þegar til kastanna kom þjónaði ég annarri gyðju - ekki ástargyðjunni, heldur **Melpomene**, sem þrátt fyrir glaðlegan söng sinn er gyðja sorgarinnar og heldur á blóðugum rýtingi.

**LAG: A WOMAN LEFT LONELY**

JANIS (CONT'D)

Skyndilega stóð ég á flugvellinum í Port Arthur. Var búin að bölvu þessu nápleisi í öllum fjölmiðlum landsins, en lét mér samt detta í hug að fara heim í *útskriftarafmæli* skólans sem ég hataði. Á flugvellinum reyndi ég að vera kát og jákvæð og sagði: Það er bara miklu fallegra hér en mig minnti. Það hafði enginn húmort fyrir því. Það átti aldeilis ekki að fara að gera neitt veður út af því þótt helvítis tussan hún Janis Joplin, sem einhvern veginn hafði tekist að klóra sig upp í það að verða heimsfræg, léti svo lítið að mæta á heimaslóðir.

ÚTVARPSMAÐUR

Hér hjá mér í tónklefa situr Janis Joplin sem sum ykkar kannast kannski við. Hvernig lýst þér á fæðingarbæinn þinn, Janis?

JANIS

Alveg rosalega vel, hér eru allir komir með sítt hár, allt vaðandi í rokki og dópi, bara alveg eins og í stórborgunum. Port Arthur kemur mér þægilega á óvart? Það er orðin leitun að alvöru kynþáttahatara hér í Port Arthur.

**STEF: KÚREKASTEF**

SAM MOMROE

Velkomin öll á þetta ríjúníjón! Hér erum við mörg sem höfum gert það gott í lífinu: John þú varst valinn millistjórnandi ársins í Port Arthur,

Pétur þú ert meindýraeyðir ársins í Port Arthur, og John Bush gluggaþvottamaður ársins í allri sýslunni, þetta er enginn smá árgangur!

JANIS

Loks drullaði Sam Monroe því svo út úr sér að nú ætlaði hann að heiðra þann einstakling sem hefði þurft að leggja á sig lengst ferðalag til að komast á þessa yndislegu endurfundasamkomu.

SAM MONROE

Og verðlaunahafinn er engin önnur en... komdu hingað upp - Janis Joplin! Þú komst um langan veg til okkar, heim til Port Arthur að hitta gömlu, góðu skólafélagana! Og verðlaunin eru... fjórir næstum nýir fjórtán tommu Bridgstone hjólbarðar!!

JANIS

Þið hatið mig ennþá! Vitiði hvað, ég hata ykkur líka! Ég sé að þið eruð öll með kjaftinn fullan af hráka, látið það bara eftir ykkur, hrækið á mig! Ég er ennþá ljótasti strákurinn í Port Arthur, er það ekki? Þú veist að við elskum þig, sama á hverjum gengur, sagði Lára systir þegar ég kom heim hágrenjandi. Við erum hrikalega stolt af þér, líka pabbi og mamma þótt við skiljum ekki alltaf hvað þú ert að fara. En af hverju hata þau mig svona mikið, Lára? Hvað hef ég gert þeim? Þú hefur látið drauma þeirra rætast, sagði Lára, drauma okkar allra, þau vilja bara ekki kannast við sína eigin drauma. Það er of sársaukafullt að sjá drauma sem maður jarðaði rísa upp úr gröfinni.

**LAG: MOVE OVER**

JANIS (CONT'D)

Má ég kynna: bandið sem mig hafði alltaf dreymt um, Full Tilt Boogie band! Góðir músíkkantar, listamenn, vinir. Þeir fara ekki út í móa í spuna heldur stækka



*mína tilfinningu, gefa minni tilfinningu  
vængi, og stundum verð ég svo glöð að ég  
ræð ekkert við mig og rek þeim  
rembingsskossa á sviðinu! Það er komið  
að því, að gera plötu - eins ég vil hafa  
hana. Ég hef undarlega tilfinningu fyrir  
þessu öllu, hvað er að gerast: ég sem  
var maður í jörðinni er að breytast í  
púpu, og Guð minn góður, mér vaxa  
vængir, og ég hef mig á loft - ég flýg  
eins og Íkarus forðum!*

LAG: Buried alive in the blues (Instrumentalt: Mallar undir  
texta. )

JANIS (CONT'D)

Tókum upp þennan undirleik í dag.  
Klárudum um ellefuleytið. Fínn grunnur,  
allir hæstánægðir. Allt klárt fyrir mig  
að syngja inn í fyrramálið... Við komum  
við á bar á heimleiðinni og ég drakk tvo  
-kannski þrjá tvöfalda gin. Ken Person,  
orgelleikarinn okkar, varð mér samferða  
heim í bílnum. Ken, sagði ég, viltu koma  
í laugina með mér? Hann var ekki  
upplagður svo við kvöddumst og fórum upp  
á herbergi að sofa. En ég var of æst,  
taugarnar lágu utan á húðinni, það var  
óþol í öllum líkamanum. Hvað gerðir  
maður við slíkar kringumstæður? Jú,  
rokkstjarna dekrar við sig með þessum  
stórkostlegu fokdýru efnum sem segja  
hjartanu og sálinni að nú sé allt gott  
og eðlilegt, þessum fínu efnum sem koma  
frá flottum díler sem nefnist Goggi og  
aldrei selur annað en gæðastöff sem hann  
er búinn að láta menntaðan lyfjafræðing  
tékka fyrir sig í fullkomnum græjum.  
Þessu góða efni frá honum Gogga sprauta  
ég undir húðina í stað þess að leit uppi  
að því þannig er efnið allt að því tvo  
tíma að ná hámarksáhrifum, og núna hafði  
ég nægan tíma, ég gat hvort sem er ekki  
sofnað, - ég hafði nægan tíma.

JANIS (CONT'D)

Svo skrapp ég niður í móttöku að ná mér í sigarettur, einhvern veginn verður maður að drepa sig, ekki satt?

NÆTURVÖRÐURINN

Sæl, Janis, hvernig gekk í stúdíóinu í dag?

JANIS

Er það mögulegt að maður endurfæðist ekki í næsta lífi heldur í þessu lífi? Þú hefur rétt fyrir þér, ég er vanþakklát belja. Þakka þér fyrir allt, spjallið, vináttuna... heyrðu og Moby Dick, ég er loksins að klára hana - á eftir tíu síður. Ég held með hvalnum. Hann er bara að berjast fyrir lífi sínu.

**LAG: MERCEDEZ BENZ**

JANIS (CONT'D)

Þetta fór betur en á horfðist - með plötuna. Ég er að vísu steindauð, en við vorum búin að taka upp meira af söng en ég mundi eftir þegar ég koxaði á hótélherberginu. Þetta reyndust vera þrumugóðar upptökur. Þegar maður er dauður er maður alltaf alls staðar, ekki satt, svo það var ekki vandamál fyrir mig að fylgjast með því hvað þeir lögðu mikið á sig þessar elskur að klára plötuna. PERLA er dásamleg plata, þó ég segi sjálf frá. Það eru nú ekki vandræðin að deyja frá svona plötu. Dópið hans GOGGA var tíu sinnum sterkara en venjulegt heróín. 50% hreint heróín drepur fólk. Það voru fleiri af viðskiptavinum Gogga sem geispuðu golunni þessa nótt. Aldrei þessu vant hafði Goggi ekki látið tékka efnið. Aumingja Goggi sem alltaf reyndi að hafa allt á hreinu. En svona er lífið. Kannski hefði ég getað orðið áttæð, gömul, vitur kona, en ég dó þegar ég var 27 ára. Jimmy Hendrix, Brian Jones og Jim Morrison dóu líka 27 ára. Við urðum hvorki gömul né vitur, það lá ekki fyrir okkur, við dóum ung og ófullgerð. Ég

get því miður ekki skýrt af hverju þetta fór svona. Það næsta sem ég hef komist skýringu er svona: Lífið lifði okkur, en við ekki lífinu. Það er auðvitað ekkert vit í þessu, ég veit það, en þannig var það. Einhver lærdómur? Get it while you can. Njótið lífsins - njótið lífsins á meðan það varir! Þessa stuttu stund.

LAG: GET IT WHILE YOU CAN

**ENDIR.**